

Skýringar vegna álagningarseðils fasteignagjalda 2022.

Álagning fasteignagjalda er skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum.

Fasteignaskattur er reiknaður af fasteignamati húss og lóðarhlutamati, 0,43 % fyrir íbúðarhúsnæði og hesthús, 1,65 % fyrir atvinnuhúsnæði og 1,32% af opinberu húsnæði.

Vatnsgjald er reiknað af fasteignamati húss og lóðarhlutamati, 0,10 % fyrir íbúðarhúsnæði og 0,19% fyrir atvinnuhúsnæði.

Fráveitugjald er reiknað af fasteignamati og lóðarhlutamati, 0,11 % fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

Sorpirðugjald er kr. 18.631.- fyrir hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald er kr. 30.395.- á hvert fasteignarnúmer.

Lóðarleiga er 0,50 % af fasteignamati lóðar.

Öryrkjum og eldri borgurum er veittur afsláttur af fasteignasköttum og holræsagjaldi íbúðarhúsnæðis til eigin nota í samræmi við Reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur reiknast sem hér segir:

Tekjur allt að 4.393.436 á einstakling, hjón allt að 6.150.810.....100 %

Tekjur allt að 4.704.476 á einstakling, hjón allt að 6.586.267.....75 %

Tekjur allt að 5.080.832 á einstakling, hjón allt að 7.113.167.....50 %

Tekjur allt að 5.485.417 á einstakling, hjón allt að 8.535.686.....25 %

Afslátturinn er reiknaður á grundvelli heildarárstekna heimilisins næsta ár á undan álagningarárinu. Það er að segja, afsláttur af fasteignasköttum ársins í ár miðast við tekjur ársins 2021. Þar af leiðandi er fyrst hægt að sækja um afsláttinn þegar skattframtali hefur verið skilað.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn, ásamt endurriti af skattframtali og örorkumatsvottorð, ef við á.

Hægt er að sækja um á íbúagáttinni á vefnum **www.vogar.is**, einnig má nálgast eyðublöð á bæjarskrifstofu. **Umsóknarfrestur er til 20. mars 2022.**

Gjalddagar eru 10, frá og með 25. janúar til og með 25. október, eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Veittur verður 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti,
séu gjöldin að fullu greidd eigi síðar en 19. febrúar 2022.